Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Fákur, Hestamannafélagið Sprettur, Hestamannfélagið Sörli, Hestamannafélagið Hörður, Hestamannafélagið Sóti og Hestamannafélagið Léttir.

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að beita sér fyrir því að laga- og reglugerðarumgjörð um hesthús og hesthúsahverfi verði styrkt með það að markmiði að tryggja að þau nýtist til hestahalds og starfsemi sem tengist hestamennsku.

Landsþing felur stjórn LH að:

1. Beita sér fyrir því að hesthúsahverfi njóti verndar í lögum og reglugerðum, óháð eignarhaldi hesthúsa, og að skýrar og samræmdar reglur gildi um landnotkun og heimila starfsemi á svæðunum.
2. Beita sér fyrir því að búseta, breytingar á hesthúsum í íbúðarhúsnæði og önnur starfsemi sem er ótengd hestamennsku, svo sem almenn atvinnu- og geymslustarfsemi, verði ekki heimiluð í skipulögðum hesthúsahverfum. Jafnframt verði tryggt að viðeigandi stjórnvöld bregðist við óheimilli notkun hesthúsa og fylgi eftir gildandi reglum um nýtingu þeirra.
3. Beita sér fyrir því að laga- og reglugerðarumgjörð taki sérstaklega mið af öryggi og velferð hrossa sem hýst eru í hesthúsahverfunum.
4. Móta sameiginlega stefnu LH um vernd hesthúsahverfa, í samráði við aðildarfélög sambandsins, til grundvallar hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og sveitarfélögum.
5. Kynna tillögur að nauðsynlegum laga- og reglugerðarbreytingum á formannafundi LH árið 2027 og gera grein fyrir framgangi málsins á Landsþingi LH 2028.

Greinargerð

Breytt nýting hesthúsa
Á undanförnum árum hefur orðið vart við aukna nýtingu hesthúsa til annarrar starfsemi en til hestahalds. Mörg dæmi eru um að hesthús séu nýtt til búsetu, almennrar geymslustarfsemi, verkstæðisreksturs og annarrar starfsemi sem er ótengd hestamennsku.

Þessarar þróunar hefur meðal annars orðið vart í hesthúsahverfum á höfuðborgarsvæðinu, svo sem í Víðidal, Almannadal og á félagssvæði Sörla í Hafnarfirði. Mikilvægt er þó að horfa til hesthúsahverfa um land allt.

Hesthúsahverfi hafa verið skipulögð og byggð upp í þeim tilgangi að skapa aðstöðu fyrir hestahald og hestamennsku. Þegar hesthús eru tekin undir aðra starfsemi skapast hætta á að hverfin glati smám saman því hlutverki sem þeim var upphaflega ætlað að þjóna. Búseta og atvinnustarfsemi sem er ótengd hestamennsku getur jafnframt skapað árekstra við hestahald og útreiðar og haft neikvæð áhrif á öryggi og nýtingu hesthúsahverfa.

Hesthúsahverfi eru takmörkuð auðlind
Hesthúsahverfi eru sérhæfð svæði fyrir ástundun hestaíþróttarinnar sem byggst hafa upp með verulegri fjárfestingu í mannvirkjum og innviðum. Þar má nefna reiðvegi, reiðhallir, keppnis- og æfingasvæði og aðra aðstöðu sem er nauðsynleg fyrir hestamennsku. Uppbygging þessara svæða hefur víða verið samstarfsverkefni sveitarfélaga, hestamannafélaga og einstakra hestamanna. Mikilvægt er að tryggja að sú fjárfesting nýtist áfram í þágu hestamennskunnar.

Hesthúsahverfi eru takmörkuð auðlind fyrir hestamennskuna. Þegar hesthús eru tekin undir aðra starfsemi getur það þrengt að þeim sem vilja nýta þau til hestahalds, skert möguleika hestamanna til að stunda íþrótt sína við viðunandi aðstæður og torveldað nýliðun í hestamennsku. Mikilvægt er að tryggja að hestamenn þurfi ekki að keppa um húsnæði á sérhæfðum hesthúsasvæðum við aðila sem hyggjast nýta það í allt öðrum tilgangi.

Búseta í hesthúsum
Sérstaklega þarf að bregðast við þeirri þróun að hesthús séu tekin undir búsetu. Hesthús eru almennt ekki skipulögð eða byggð sem íbúðarhúsnæði og hesthúsahverfi eru ekki ætluð til almennrar íbúðabyggðar. Búseta í hesthúsum getur haft áhrif á nýtingu húsanna, samsetningu hverfanna og möguleika til að viðhalda þeim sem sérhæfðum svæðum fyrir hestamennsku. Þegar hesthúsi er breytt í íbúðarhúsnæði getur jafnframt verið erfitt að endurheimta það til hestahalds, sérstaklega ef gerðar hafa verið umfangsmiklar breytingar á innra skipulagi og aðstöðu.

Flutningsaðilar telja því mikilvægt að lög og reglugerðir kveði skýrt á um að búseta í hesthúsum í skipulögðum hesthúsahverfum sé ekki heimil og að breytingar á notkun þeirra í íbúðarhúsnæði verði ekki heimilaðar. Slík vernd er nauðsynleg til að tryggja að hesthúsahverfi nýtist áfram til þess tilgangs sem þau voru skipulögð fyrir.

Jafnframt er ljóst að eftirspurn er eftir því að geta búið í nálægð við eigin hross. Slík búseta ætti að vera bundin við svæði sem eru sérstaklega skipulögð og hönnuð fyrir blandaða notkun íbúðarhúsnæðis og hestahalds, þannig að tryggt sé að búsetan skerði hvorki öryggi og velferð hrossa né gæði aðstöðu þeirra sem stunda hestamennsku á svæðinu.

Brunavarnir og dýravelferð
Breytt notkun hesthúsa getur haft veruleg áhrif á brunavarnir og öryggi bæði fólks og hrossa. Hesthús eru almennt hönnuð og byggð með hliðsjón af hestahaldi en ekki til almennrar búsetu eða annarrar starfsemi sem getur haft í för með sér aukna brunaáhættu. Þegar fólk sefur í húsnæði sem var upphaflega hannað fyrir hestahald geta skapast aðrar og ríkari kröfur til brunavarna en gert var ráð fyrir við byggingu þess.

Þegar hesthús eru tekin undir búsetu bætast við eldunaraðstaða, hitunarbúnaður og rafmagnstæki sem ekki var gert ráð fyrir við upphaflega hönnun húsanna. Sama á við þegar hesthús eru nýtt sem verkstæði eða almennar geymslur, þar sem starfsemin getur meðal annars falið í sér notkun rafmagnsverkfæra, málmsuðu og geymslu eldfimra efna. Í hesthúsum er víða umtalsverður eldsmatur vegna undirburðar og heys sem geymdur er í hlöðum hesthúsanna. Við eldsvoða getur eldur og reykur breiðst hratt út og skapað verulega hættu fyrir hross sem eru lokuð inni í stíum og geta ekki bjargað sér sjálf.

Hross eru háð því að hægt sé að koma þeim til bjargar í tæka tíð. Rýming hesthúsa getur verið flókin og tímafrek, sérstaklega þegar mörg hross eru í sama húsi eða þegar eldur og reykur hafa þegar breiðst út.

Eldsvoði í einu hesthúsi getur jafnframt ógnað hrossum í aðliggjandi húsum, ekki síst þar sem hesthús eru sambyggð eða standa þétt saman. Breytt notkun eins hesthúss getur því haft áhrif á brunavarnaforsendur annarra húsa í sömu byggingu eða í næsta nágrenni.
Við eftirlit með óheimilli búsetu og annarri breyttri notkun hesthúsa er mikilvægt að mat á brunavörnum takmarkist ekki við öryggi þess fólks sem nýtir viðkomandi húsnæði, heldur þarf einnig að taka sérstaklega mið af þeirri hættu sem breytt notkun getur skapað fyrir hross í sama húsi eða aðliggjandi hesthúsum. Tryggja þarf að ábyrgð og valdheimildir viðeigandi eftirlitsaðila séu nægilega skýrar til þess að þessum öryggisþáttum sé fylgt eftir.

Öryggi knapa og velferð hrossa
Hesthúsahverfi eru skipulögð með hliðsjón af þeim sérstöku þörfum sem fylgja hestahaldi. Þar þarf að tryggja öruggar samgöngur hrossa og knapa, aðgengi að reiðvegum og viðeigandi umhverfi fyrir umhirðu og þjálfun hrossa.

Starfsemi sem er ótengd hestamennsku og búseta í hverfunum geta haft í för með sér aukna umferð, hávaða og aðra röskun sem samræmist illa hestahaldi. Sérstaklega þarf að horfa til þess að hross eru viðkvæm fyrir óvæntu áreiti og að umferð ökutækja og annarrar starfsemi getur skapað hættu þar sem hross og knapar fara um. Vernd hesthúsahverfa er því ekki eingöngu skipulagsmál heldur einnig mikilvægt brunavarna-, öryggis- og dýravelferðarmál.

Þörf á skýrari laga- og reglugerðarumgjörð
Mikilvægt er að skýrt sé hvaða starfsemi er heimil í hesthúsum og á hesthúsasvæðum og að ákvæði skipulags, byggingarleyfa og annarra viðeigandi heimilda séu virt.

Þótt reglur séu til staðar um landnotkun og breytingar á notkun mannvirkja telja flutningsaðilar nauðsynlegt að styrkja laga- og reglugerðarumgjörðina þannig að hesthúsahverfi njóti skýrari og samræmdari verndar. Hesthús eru í ýmsum tilvikum flokkuð sem atvinnuhúsnæði, meðal annars í tengslum við fasteignagjöld og lóðarleigusamninga. Slík flokkun felur þó ekki sjálfkrafa í sér heimild til almennrar atvinnustarfsemi sem er ótengd hestamennsku. Mikilvægt er að skýrt sé að heimil notkun hesthúsa ráðist af skipulagi viðkomandi svæðis, skilmálum lóðarleigusamninga og samþykktum byggingarleyfum, óháð almennri flokkun húsnæðisins.

Jafnframt þarf að tryggja að viðeigandi stjórnvöld hafi skýrar og fullnægjandi valdheimildir til að bregðast við óheimilli notkun hesthúsa og sinni lögbundnu eftirliti með því að gildandi skipulagi, leyfum og reglum sé framfylgt. Sérstaklega þarf að tryggja að eignarhald á hesthúsum veiti ekki sjálfkrafa heimild til að breyta notkun þeirra í starfsemi sem samræmist ekki skipulagi og tilgangi viðkomandi svæðis.
Landsamband hestamannafélaga hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem sameiginlegur málsvari hestamannafélaga gagnvart stjórnvöldum og sveitarfélögum. Með markvissri hagsmunagæslu getur sambandið beitt sér fyrir breytingum á lögum og reglugerðum sem tryggja vernd hesthúsahverfa til framtíðar og fyrir því að viðeigandi stjórnvöld fylgi eftir þeim reglum sem þegar eru í gildi.

Framtíð íslenskrar hestamennsku
Aðgengi að hesthúsum og góðri aðstöðu er ein af grunnforsendum þess að fólk geti stundað hestamennsku. Það á jafnt við um börn og unglinga, almenna hestamenn, keppendur og þá sem hafa atvinnu af hestamennsku. Hesthúsahverfi eru jafnframt mikilvægur vettvangur félagsstarfs, þjálfunar, kennslu og miðlunar þekkingar milli kynslóða.

Það er því sameiginlegt hagsmunamál hestamannafélaga um land allt að tryggja að hesthús og hesthúsahverfi glati ekki hlutverki sínu vegna breyttrar nýtingar sem er ótengd hestamennsku.
Með því að styrkja laga- og reglugerðarumgjörðina og standa vörð um skipulag hesthúsahverfa má skapa traustari framtíðargrundvöll fyrir íslenska hestamennsku.